



Norræna
ráðherranefndin

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2021

Samantekt

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Viðræður við Norðurlandaráð og samkomulag um fjárhagsáætlun	4
Rammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar 2021	5
Samanburður á fjárhagsáætlunum fyrir árin 2021 og 2020	6
Áætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar á starfsárinu 2021	8
Eftirfylgni við árangur og matsaðgerðir hjá Norrænu ráðherranefndinni	11
Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna	12
Greiðsluákvæði æðri menntunar	13
Þróun fjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar	14
Þróun fjárhagsáætlunar á árunum 2008-2021	15
Þróun óráðstafaðs fjár á árunum 2016-2019	16
Þróun lausafjárstöðu	18
Yfirlit yfir fjárlagaliði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar	19
Fylgiskjal	28

Fjárhagsáætlun 2021 – verkfæri við framkvæmd Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2021 er sérstök fyrir margra hluta sakir.

Hún er fyrsta fjárhagsáætlun Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 og jafnframt sú fyrsta þar sem horft er til fjögurra ára tímabils. Þá er fjárhagsáætlunin unnin á tímum þegar óvissa ríkir vegna kórónufaraldursins.

Framtíðarsýn okkar fyrir 2030, að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims, var samþykkt af forsætisráðherrunum í ágúst 2019. Skilaboðin eru skýr: Vilji er til þess að auka metnað í norrænu samstarfi og beina sjónum að helstu áskorunum samtímans í umhverfis- og loftslagsmálum. Þetta kallar á breytta forgangsröðun og skýrar áherslur í starfinu. Þess vegna ákváðu samstarfsráðherrarnir í byrjun árs 2020 að gera sögulegar breytingar á forgangsröðun í fjárhagsáætluninni. Markmiðið er að skapa betra jafnvægi milli stefnumarkandi áherslusviða á árunum 2021-2024, þau eru græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Aðrar stórar breytingar verða þær að á árinu 2021 tekur Norræna ráðherranefndin upp þau vinnubrögð að líta til lengri tíma í senn. Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2021 sem nú er samþykkt er einnig unnin spá fyrir árin 2022-2024. Á þann hátt skapast forsendur fyrir því að geta unnið til lengri tíma litið og eflir það framkvæmd Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030.

Framkvæmd framtíðarsýnarinnar byggist á framkvæmdaáætlun Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 en hún var samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í lok október 2020. Markmið á næstu fjórum árum eru að hægt verði að sýna greinilega fram á aðgerðir sem framfylgja markmiðum framtíðarsýnarinnar, enn fremur að efla þverlæg sjónarmið í öllu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Vinnan felst einnig í að setja mælanleg markmið og vísa svo hægt verði að fylgja eftir áhrifum og árangri starfsins á skýran hátt. Í árlegri fjárhagsáætlun er greint nákvæmlega frá því hvernig aðgerðir og verkefni sem eru fjármögnuð stuðla að því að uppfylla markmið framtíðarsýnarinnar.

Við undirbúning framkvæmdar Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 hafa allar norrænar ráðherranefndir og norrænar stofnanir tekið þátt í að bera kennsl á markmið og átaksverkefni sem þörf er á til þess að framtíðarsýnin megi verða að veruleika. Þá hafa samráðsfundir með borgarasamfélaginu, meðal annars ungu fólki í öllum löndunum, verið mikilvægur grundvöllur starfsins.

Við allan undirbúning framkvæmdar Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 hefur verið lifandi samráð milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Gott og stefnumarkandi samráð við Norðurlandaráð eykur líkur á að markmiðum framtíðarsýnarinnar verði náð og hafa framlög Norðurlandaráðs haft greinileg áhrif á allt ferlið við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2021.

Þegar vinnan að framtíðarsýninni stóð sem hæst braust COVID-19 faraldurinn út. Nú stöndum við frammi fyrir stórum áskorunum – en einnig tækifærum – í norrænu samstarfi á komandi árum. Samstarfsráðherrarnir eru einhuga um að halda langtíma framtíðarsýn og markmiðum hennar til streitu. Margir málaflokkar sem lögð hefur verið skýr áhersla á frá því að framtíðarsýnin var samþykkt, til að mynda að greitt verði fyrir grænum og félagslega sjálfbærum umskiptum með nýsköpun og samkeppnisfærni, eru einnig öflug tæki til að bregðast við krísunni af völdum COVID-19. Norrænt samstarf er vel í stakk búið fyrir framtíðina.



Paula Lehtomäki, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Viðræður við Norðurlandaráð og samkomulag um fjárhagsáætlun

Haustið 2020 fóru fram pólitískar viðræður Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlunartillögu ráðherranefndarinnar. Samkomulag náðist um eftirfarandi breytingar/skýringar í fjárhagsáætlun ársins 2021:

- að Norræni menningarsjóðurinn hlýtur, til viðbótar við frátekið fé í fjárhagsáætlun, 750.000 DKK til verkefna sem eiga að milda höggið af völdum COVID-19 á menningarsviði. Féð verður sótt í 40 milljóna sjóðinn sem á m.a. að mæta afleiðingum COVID-19;
- að Orkester Norden hlýtur, til viðbótar við frátekið fé í fjárhagsáætlun, 50.000 DKK. Féð verður sótt í fjárlagalið 4-2208, Stefnumarkandi átaksverkefni undir lið ráðherranefndarinnar um menningarmál, MR-K;
- að Norræna bókmenntavikan hlýtur 250.000 DKK. Féð verður sótt í 40 milljóna sjóðinn;
- að menningarstyrkjaáætlun Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi, NAPA, hlýtur 350.000 DKK til viðbótar við frátekið fé í fjárhagsáætlun. Féð verður sótt í fjárlagalið 4-2208 Stefnumarkandi átaksverkefni undir lið ráðherranefndarinnar um menningarmál, MR-K;
- að forvarnir gegn sjálfsvígum verða áfram í forgrunni hjá norræna vinnuhópnum um geðheilsu, hugað verður sérstaklega að forvörnum gegn sjálfsvígum við undirbúning á leiðtogafundi um geðlækningar sem haldinn verður á formennskuári Finnlands 2021;
- að félagsmálasvið leggur áfram áherslu á aðgerðir sem geta átt þátt í að fyrirbyggja sýklalyfjaógnæmi, m.a. innan ramma aðgerða tengdum COVID-19 sem fagsviðið mun vinna með á árinu 2021;
- að félagsmálasvið leggur áfram áherslu á geðheilsu í yfirliti sem verið er að vinna á vegum sænska formennskuverkefnisins VOPS (um fjarheilbrigðisþjónustu). Á árinu 2021 verður einnig verkefni ýtt úr vör um fjarheilbrigðisþjónustu 2.0 í þeim tilgangi að greiða fyrir innleiðingu stafrænna lausna í hjúkrun og umönnun. Verkefnið er þverlægt og er unnið innan ramma framkvæmdaáætlunar framtíðarsýnarinnar;
- að auk frátekins fjár í fjárhagsáætlun renna 500.000 DKK til stuðnings norrænu tungumálasamstarfi undir fjárlagalið 2-2544 Norrænt tungumálasamstarf. Féð verður sótt í 40 milljóna sjóðinn (250.000 DKK) og í fjárlagalið 2-2506 Stefnumarkandi norrænt menntamálasamstarf undir lið ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir, MR-U (250.000 DKK);
- að ráðherranefnd um samgöngumál, MR-Transport, verður ekki sett á laggirnar að sinni. Málið var rætt nú síðast á fundi norrænu samstarfsráðherranna í september 2020 en niðurstaðan varð sú að löndin væru ekki einhuga að svo stöddu. Þetta útilokar þó ekki samstarf á öðrum stjórnsýslustigum. Í framkvæmdaáætlun framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2030 er töluverðri upphæð ráðstafað til vinnu að grænum samgöngum;
- að 1,0 millj. DKK verður eyrnamerkt fjármögnun á kennslugáttinni „Norden i Skolen“ undir fjárlagalið 1-0410 „Starfsstyrkur til Sambands norrænu félaganna“.

Rammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar 2021

Rammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2021 nemur samtals **969.023 þús. DKK** (á verðlagi ársins 2021) og er það óbreyttur rammi að raungildi miðað við fjárhagsáætlun ársins 2020.

Rammann er hægt að sundurliða á eftirfarandi hátt:

Heildarrammi	þús. DKK
Samþykkt fjárhagsáætlun 2021 á verðlagi ársins 2020	967.547
Áhrif verðbólgu milli ára á verðlagi ársins 2021	18.373
Áhrif gengisbreytinga milli ára	-16.897
Samtals á verðlagi ársins 2021	969.023

Vegna framreiknings í fjárhagsáætlun ársins 2021 koma til verðbætur að upphæð 18.373 þús. DKK, en það jafngildir hækkun fjárhagsáætlunar um u.þ.b. 1,9%. Umreikningur fjárveitinga til stofnana úr gjaldmiðli þeirra í danskar krónur felur í sér lækkun á fjárhagsáætlun að fjárhæð 16.897 þús. DKK. Taka ber fram að þetta hefur engin raunveruleg áhrif á umfang fjárhagsáætlunarinnar (og framlög landanna) eða upphæð fjárveitinga til stofnana. Gengi gjaldmiðla er eingöngu notað til að umreikna fjárveitingar til stofnana í danskar krónur, en þær eru greiddar út í gjaldmiðli búsetulandsins.

Samanburður á fjárhagsáætlunum fyrir árin 2021 og 2020

		Fjárhagsáætlun	Fjárhagsáætlun	Mismunur	
		2021	2020	Nafnv.	Leiðr.
1.	MR-SAM, samstarfsráðherrarnir	273.992	258.114	15.878	9.333
a.	Norðurlönd verði græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær	128.930	108.906	20.024	-25.376
b.	Alþjóðasamstarf	56.176	59.968	-3.792	-3.968
i. Þar af	skrifstofurnar*	14.876	15.624	-748	-924
c.	Skrifstofuhald	88.886	89.240	-354	-1.323
i. Þar af skrifstofan (NMRS)		81.680	82.036	-356	-1.325
2.	MR-U, menntamál og rannsóknir	207.550	224.723	-17.173	-13.057
a.	Almenn framlög til rannsókna og menntamála	1.000	4.498	-3.498	-3.498
b.	Stefnumótun o.fl.	17.034	15.723	1.311	1.087
c.	Ferðastyrkja- og samstarfsnetáætlanir	78.299	86.356	-8.057	-9.366
d.	Norræna rannsóknaráð, NordForsk (stofnun)	109.421	97.459	11.962	17.641
e.	Annað rannsóknasamstarf	1.796	20.687	-18.891	-18.921
3.	MR-S, félags- og heilbrigðismál	41.124	42.331	-1.207	-1.594
i. Þar af Norræna velferðarmiðstöðin (stofnun)		18.265	18.786	-521	-714
4.	MR-K, menningarmál	163.433	173.766	-10.333	-11.908
a.	Almenn framlög til menningarmála	48.355	53.516	-5.161	-5.763
b.	Kvikmyndir og fjölmiðlar	31.840	31.464	376	-156
c.	Listir	31.585	32.691	-1.106	-1.634
d.	Norrænu menningarhúsin (stofnanir)	44.865	47.754	-2.889	-2.737

e.	Önnur framlög til menningarmála	6.788	8.341	-1.553	-1.618
5.	MR-FJLS, fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt	45.199	43.926	1.273	915
a.	Fiskveiðar	6.660	6.660	0	0
b.	Landbúnaður og skógrækt	30.399	30.041	358	0
i.	Þar af Norræna erfðaaðlindastofnunin, NordGen (stofnun)	22.628	22.388	240	0
c.	Matvæli	6.270	6.270	0	0
6.	MR-JÄM, jafnréttismál og LGBTI	11.414	11.671	-257	-302
7.	MR-VÆKST, sjálfbær hagvöxtur	133.146	131.921	1.225	4.891
a.	Atvinnulíf	84.729	86.241	-1.512	2.072
i.	Þar af Norræna nýsköpunarmiðstöðin (stofnun)	71.680	65.450	6.230	9.950
b.	Orkumál	15.551	12.832	2.719	3.168
i.	Þar af Norrænar orkurannsóknir (stofnun)	8.666	9.115	-449	0
c.	Byggðastefna	32.866	32.848	18	-349
i.	Þar af Nordregio, rannsóknarstofnun í skipulags- og byggðamálum (stofnun)	10.293	10.293	0	-109
8.	MR-MK, umhverfis- og loftslagsmál	60.023	47.555	12.468	12.221
9.	MR-A, vinnumál	14.431	15.223	-792	-893
i.	Þar af Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd, NIVA (stofnun)	3.661	3.617	44	0
10.	MR-FINANS, efnahags- og fjármál	1.592	1.634	-42	-42
11.	MR-JUST, dómsmál	1.193	1.225	-32	-32
12.	MR-Digital, stafræn væðing	15.926	15.458	468	468
Norræn heildarfjárhagsáætlun		969.023	967.547	1.476	0

*Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litáen og Norðvestur-Rússlandi.

Áætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar á starfsárinu 2021

Norræna ráðherranefndin er formlegur samstarfsvettvangur norrænu ríkisstjórnanna. Starf ráðherranefndarinnar byggist á Helsingforssamningnum frá árinu 1971.

Löndin gegna til skiptis formennsku í Norrænu ráðherranefndinni í eitt ár í senn. Finnland gegnir formennsku á árinu 2021 á eftir Danmörku.

Norrænu samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) bera almenna ábyrgð á samhæfingu starfsins innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Samstarfið fer fram í tíu fagráðherranefndum og einni sérskipaðri ráðherranefnd um stafræna væðingu.

Framtíðarsýn okkar 2030



Framtíðarsýn okkar fyrir 2030: Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims

Norðurlöndin samþykktu í ágúst 2019 nýja framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar, að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.

Framtíðarsýnin hefur leitt til breyttrar forgangsroðunar og átaksverkefna til að tryggja að allt starf styðji á skýran hátt hin þrjú stefnumarkandi áherslusvið sem eru græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að framkvæmd Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 og hinna þriggja stefnumarkandi áherslusviða. Við undirbúning framkvæmdar Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 tóku allar norrænar ráðherranefndir og norrænar stofnanir þátt

í að bera kennsl á markmið og átaksverkefni sem þörf er á til þess að framtíðarsýnin megi rætast á næstu fjórum árum. Norðurlandaráð lagði fram áherslumál ráðsins og haft hefur verið stöðugt samráð um þessi málefni við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Þá hafa verið haldnir samráðsfundir með borgarasamfélaginu, þar á meðal ungu fólki í öllum löndunum.

Með hliðsjón af því sem þar kom fram samþykktu samstarfsráðherrarnir í febrúar 2020 tólf almenn markmið hinna stefnumarkandi áherslusviða og breytta forgangsörðun í fjárhagsáætlun. Ákvörðunin felur í sér breytingar á forgangsörðun fjár til ráðherranefndanna í þeim tilgangi að efla grænt frumkvæði og skapa á þann hátt betra jafnvægi milli stefnumarkandi áherslusviða framtíðarsýnarinnar. Breytingar á forgangsörðun fjár verða innleiddar í áföngum á tímabilinu 2021–2024.

Þegar breytingarnar eru gengnar í gegn verður búið að endurskoða 170 millj. DKK árið 2024, eða rúmlega 1/6 af heildarfjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar en hún nemur um einum milljarði DKK. Það er einkum græna sviðið sem mun eflast með meira en 100 millj. DKK aukningu árið 2024 þegar áhrif endurskoðunarinnar eru komin í ljós, en strax á árinu 2021 er umtalsverðu fé veitt í græn verkefni.

Vinnan að því að tryggja að norrænt samstarf stuðli að framkvæmd Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 er miðlæg í starfi og fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2021. Heildarrammí norrænu fjárhagsáætlunarinnar helst óbreyttur miðað við 2020.

Í fjárhagsáætlun ársins 2021 er tekið fram í inngangsorðum hvers fjárlagsliðs hvernig verkefni og framlög í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar fylgja markmiðum framtíðarsýnarinnar. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvern fjárlagalið er einnig skoðað hvort verkefni framfylgi að einhverju leyti þverlægum áherslum á jafnrétti, sjálfbærni (heimsmarkmið SP) og málefni barna og ungmenna.

Þverlæg framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2021–2024 á að efla þverfaglegt samstarf um að uppfylla markmið framtíðarsýnarinnar. Markmiðið er að hægt verði að sýna greinilega fram á að verkefni framfylgi markmiðum framtíðarsýnarinnar og efli þverlæg sjónarmið í öllu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Vinnan felst einnig í að setja mælanleg markmið og vísa svo hægt verði að fylgja eftir áhrifum og árangri starfsins. Í framkvæmdaáætluninni er lögð sérleg áhersla á þverfaglegt samstarf með 40 milljóna sjóði á ári hverju sem samstarfsráðherrarnir stofnuðu til þegar þeir samþykktu framkvæmdaáætlunina formlega í nóvember 2020. Framkvæmdaáætlunina má lesa hér í heild sinni.


Til að styðja framkvæmd nýrrar framtíðarsýnar og framkvæmdaáætlunar hennar samþykktu samstarfsráðherrarnir bráðabirgðaramma fjárhagsáætlunar fyrir árin 2022–2024. Rammarnir eru til bráðabirgða enda eru þeir háðir samþykki þjóðþinganna á ári hverju.

(Millj. DKK, Verðlag 20)	2020	2021	2022	2023	2024
MR-SAM	251,625	227,445	220,320	215,195	203,070
MR-Digital	15,458	15,926	17,051	18,176	19,301
MR-U	224,723	211,666	204,416	197,166	189,916
MR-S	42,331	40,737	40,237	39,737	39,237
MR-K	180,255	161,858	154,608	147,358	140,108
MR-FJLS	43,926	44,841	46,591	47,341	49,091
MR-Jäm	11,671	11,369	11,369	11,369	11,369
MR-Vækst (atvinnustefna)	86,241	88,313	91,313	94,313	98,313
MR-Vækst (orkumál)	12,832	16,000	19,000	22,000	26,000
MR-Vækst (byggðastefna)	32,848	32,499	32,999	33,499	33,999
MR-MK	47,555	59,776	73,026	85,276	101,526
MR-A	15,223	14,330	13,830	13,330	12,830
MR-Finans	1,634	1,592	1,592	1,592	1,592
MR-JUST	1,225	1,193	1,193	1,193	1,193
Frátekið fé		40,000	40,000	40,000	40,000
ALLS	967,547	967,547	967,547	967,547	967,547

Fjárhagsáætlun ársins 2021 er unnin með hliðsjón af tillögum fagráðherranefndanna að forgangsörðun og var hún lögð fram sem tillaga framkvæmdastjórans í júní 2020. Að því loknu var tillagan send löndunum til umsagnar. Samstarfsráðherrarnir samþykktu fjárhagsáætlunartillöguna í september 2020. Norrænu samstarfsráðherrarnir samþykktu síðan endanlega fjárhagsáætlun ársins 2021 og framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2021–2024 í nóvember 2020 eftir viðræður við Norðurlandaráð. Norðurlandaráð samþykkti fjárhagsáætlunartillöguna í desember 2020.

Eftirfylgni við árangur og matsaðgerðir hjá Norrænu ráðherranefndinni

Eftirfylgni við árangur og matsaðgerðir eru mikilvæg verkfæri í fjárhagsáætlunarferli Norrænu ráðherranefndarinnar. Á þann hátt er hægt að nýta þekkingu sem skapast sem grundvöll fyrir ný pólitísk frumkvæði. Í inngangsorðum hvernar ráðherranefndar í fjárhagsáætlunarritinu og undir hverjum fjárlagalið er greint frá árangri fjárveitingarinnar. Greinargerðir um árangur og matsaðgerðir verða væntanlega látnar liggja í vaxandi mæli til grundvallar þegar fé er forgangsraðað í norrænu fjárhagsáætluninni. Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2021 er miðað við árið 2019 en það er síðasta árið þar sem ársreikningi er lokið og hægt er að meta árangurinn á. Árið 2019 voru um 430 pólitískt samþykkt markmið þvert á allar ráðherranefndir. Af þeim teljast um 99% vera uppfyllt að fullu eða að hluta en 1% telst ekki uppfyllt eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar er aðallega fjármögnuð með beinum framlögum landanna. Grundvallarreglan er sú að framlög landanna samsvari heildarfjárhagsramma að frádregnum gjöldum af launum starfsfólks, nettóvaxtatekjum og öðrum tekjum, sbr. töflu hér á eftir. Framlög landanna eru ákveðin samkvæmt skiptireglu sem styðst við hlutdeild landanna í samanlögðum vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð síðustu tveggja ára sem tölur liggja fyrir um á Norðurlöndum (fyrir fjárhagsáætlun 2021 eru það árin 2017 og 2018).

TEKJUR þús. DKK (á verðlagi ársins)	2018		2019		2020		2021	
	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla
Gjöld af launum	13.500		13.500		13.500		13.500	
Aðrar tekjur (t.d. vextir)	0		0		0		0	
Framlög landanna	937.362		943.179		954.047		955.523	
Danmörk	197.783	21,1%	201.840	21,4%	207.521	21,8%	208.304	21,8%
Finnland	150.915	16,1%	155.625	16,5%	158.313	16,6%	159.572	16,7%
Ísland	9.374	1,0%	12.261	1,3%	14.517	1,5%	15.288	1,6%
Noregur	283.083	30,2%	267.863	28,4%	265.352	27,8%	265.635	27,8%
Svíþjóð	296.206	31,6%	305.590	32,4%	308.345	32,3%	306.723	32,1%
Alls	950.862	100%	956.679	100%	967.547	100%	969.023	100%

Greiðsluákvæði æðri menntunar

Samningur um aðgang að æðri menntun kveður á um að greiðslur milli landa skuli gerðar upp í framlögum þeirra til árlegrar fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Ákvæðið hefur áhrif á framlög landanna í hinn samnorræna sjóð. Greiðsluákvæðið gildir um Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Greiðsluákvæðið gildir ekki um Ísland, Álandseyjar, Færeyjar og Grænland. Er því tekið tillit til innbyrðis skiptingar greiðslna milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar samkvæmt greiðsluákvæðinu í framlögum landanna til fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Árið 2018 var ákveðið að framlengja samninginn enn um sinn.

Í samningnum er ákvæði um að greiða skuli fyrir 75% námsfólks sem fær námslán í búsetulandinu samkvæmt reglum sem þar gilda og er innritað í háskólanám í öðru landi sem kveðið er á um í 1. gr. samningsins. Nemar í rannsóknarnámi og ósérgreindu háskólanámi eru ekki taldir með í útreikningunum.

Árleg greiðsla fyrir hvern námsmann er 31.954 DKK árið 2021.

Ráðherranefndinni berast hagtölur frá menntasjóðum landanna sem stuðst er við þegar reiknaður er út fjöldi námsfólks sem fer á milli landa og ákvæðið gildir um.

Greiðslur, æðri menntun (þús. DKK)

	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019*	Fjárhagsáætlun 2020	Fjárhagsáætlun 2021
Danmörk	-77.718	-74.000	-62.983	-59.627
Finnland	43.689	54.084	53.985	51.119
Ísland	0	0	0	0
Noregur	50.375	50.160	43.655	43.594
Svíþjóð	-16.346	-30.244	-34.657	-35.086
Samtals	0	0	0	0

* Fjárhæðirnar fela í sér tillögu að leiðréttingu misræmis á árunum 2014-2018.

Hér að neðan sjást framlög landanna til Norrænu ráðherranefndarinnar í eigin gjaldmiðli samkvæmt gengi sem samstarfsráðherrarnir ákveða. Í fjárhæðunum er tekið tillit til greiðsluákvæðis æðri menntunar.


Fjárhagsáætlun 2021 – framlög landanna í eigin gjaldmiðli

Danmörk	148.677 DKK
Finnland	28.243 EUR
Ísland	305.760 ISK
Noregur	435.534 NOK
Svíþjóð	382.587 SEK

Þróun fjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar

Ein leið til að sjá hvernig fjárhagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar þróast um langt skeið er að bera hann saman við samanlagða verga þjóðarframleiðslu landanna. Verg þjóðarframleiðsla Norðurlanda er samanlögð verg þjóðarframleiðsla Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Súluritíð hér að neðan sýnir hlutfall fjárhagsrammans af vergri þjóðarframleiðslu landanna frá árinu 1995. Það sýnir að fjárhagsrammi ráðherranefndarinnar hefur minnkað hlutfallslega á tímabilinu í samanburði við verga þjóðarframleiðslu.

Samanburðurinn er gerður á tímabilinu 1995–2019 þar sem vísitala ársins 1995 er 100. Þetta tímabil var valið vegna þess að tölur um verga þjóðarframleiðslu frá þessum árum lágu fyrir við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Helsta skýringin á hlutfallslegri aukningu fjárhagsrammans 2009 er efnahagskreppan 2008. Verg þjóðarframleiðsla allra landanna dróst saman á árinu 2009 miðað við 2008. Fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar var því hlutfallslega hærri árið 2009 miðað við verga þjóðarframleiðslu landanna.



Hlutfall norrænnar fjárhagsáætlunar af vergri þjóðarframleiðslu landanna


Heimild: Eurostat, maí 2020

Þróun fjárhagsáætlunar á árunum 2008–2021

Samstarfsráðherrarnir samþykktu fjárhagsramma ársins 2021 og er hann sambærilegur ramma ársins 2020.

Hækkun milli ára 2007–2008 ber að skoða í ljósi þess að ákveðið var í fjárhagsáætlun 2008 að fjármagna hluta hnattvæðingarverkefnis sem forsætisráðherrarnir kynntu í Punkaharju í Finnlandi í júní 2007. Heildarrammi verkefnisins var 60 millj. DKK og var aðgerðaramminn rýmkaður um 35 millj. DKK.

Sökum gengisbreytinga dróst fjárhagsramminn saman á föstu verðlagi milli árunna 2009 og 2010 en fjárhagsrammi ársins 2011 náði ekki sömu stærð og árið 2009. Ástæðan var sú að gengi norsku og sænsku krónunnar lækkaði töluvert gagnvart dönsku krónunni frá seinni hluta árs 2008 fram á mitt ár 2009. Hækkunin milli árunna 2011 og 2012 hélt áfram árið 2013 vegna gengisbreytinga þegar norska og sænska krónan styrktust gagnvart dönsku krónunni. Skýra má tiltölulega mikið hrap á föstu verðlagi á árinu 2015 miðað við 2014 og áfram á árinu 2016 með því að norska og sænska krónan veiktust gagnvart dönsku krónunni en einnig með niðurskurði í fjárhagsáætlun á árunum 2014–2016. Gengi norsku og sænsku krónunnar hélt áfram að falla sem skýrir lækkunina á tímabilinu 2016–2021.



Þróun fjárhagsáætlunar á árunum 2008–2021


Þróun óráðstafaðs fjár á árunum 2016–2019

Óráðstafað fé er skilgreint sem fé sem ekki er búið að ákveða hvernig eigi að verja. Óráðstafað fé kemur einungis fyrir í fjárlagaliðum sem varða framlög til verkefna og áætlana vegna þess að framlög ráðherranefndarinnar til stofnana og samtaka eru greidd að fullu til utanaðkomandi aðila sem hafa ráðstöfunarrétt yfir fénu. Þess vegna er þetta fé alltaf skilgreint sem 100% ráðstafað fé í fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar. Fjárveitingar til verkefna og styrkja námu alls um 61% af fjárhagsramma ráðherranefndarinnar árið 2019.

Þegar fjárhagsáætlunarferlið var endurskoðað og hugmyndalisti framkvæmdastjórans samþykktur árið 2007 ákváðu samstarfsráðherrarnir að innleiða 20%-reglu með lágmarksupphæð sem nam 200.000 DKK. Í henni fólst að ekki mátti yfirfæra meira en 20% af tilteknum fjárlagalið til næsta árs en þó allt að 200.000 DKK. Þegar fjárhagsáætlunin var endurskoðuð árið 2014 var reglunni breytt í 15%-reglu og lágmarksfjárhæðin lækkuð í 150.000 DKK. Þessi mörk eru sett af tilliti til lágra fjárlagaliða, sem kæmu illa út ef eingöngu væri beitt hlutfallsútreikningi.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu í maí 2009 að frá og með starfsárinu 2009 skyldi fé sem stæðist ekki 15%-regluna renna aftur til landanna þar til búið væri að endurgreiða samtals 35 millj. DKK. Ákvörðunin var tekin í ljósi þess að fjárhagsramminn hafði verið aukinn í eitt sinn árið 2008 um 35 millj. DKK til fjármögnunar á hnattvæðingarverkefnum.

Á myndritinu hér að neðan sést óráðstafað fé á árunum 2016–2019, enn fremur hvernig óráðstafað fé raðast á ráðherranefndirnar í þús. DKK og hlutfall þess af heildarfjárhagsramma fagsviðanna.



Þróun óráðstafaðs fjár á árunum 2016–2019

Óráðstafað fé í lok árs 2015–2019 (þús. DKK)									
Fagsvið	% af stærð sviðsins 2016		% af stærð sviðsins 2017		% af stærð sviðsins 2018		% af stærð sviðsins 2019		Lækkað skv. 15%-reglu
Fjárveiting til forgangsverkefna	2.372	3,1%	3.185	3,5%	1.956	2,2%	5.116	5,60%	2.322
Alþjóðasamstarf	653	0,9%	1.526	2,8%	3.185	5,3%	3.535	5,80%	0
Menntamál og rannsóknir	1.422	0,6%	706	0,3%	1.220	0,6%	1.700	0,80%	0
Félags- og heilbrigðismál	185	0,5%	612	1,6%	399	0,9%	1.192	2,90%	238
MR-FJLS	367	0,9%	421	1,0%	116	0,3%	285	0,70%	708
Menningarmál	2.453	1,4%	2.677	1,5%	3.314	1,9%	2.912	1,60%	0
Jafnréttismál	90	1,0%	180	2,0%	363	3,9%	319	3,40%	0
MR-NER	1.033	0,8%	288	0,2%	349	0,3%	120	0,10%	0
Umhverfismál	699	1,6%	514	1,1%	1.700	3,7%	2.470	5,20%	0
Vinnumál	150	1,1%	330	2,3%	395	2,8%	234	1,60%	0
Efnahags- og fjármál	41	2,3%	165	8,8%	41	2,6%	102	6,30%	0
Dómsmál	211	15,0%	10	0,7%	0	0,0%	0	0,00%	0
Önnur starfsemi	1.506	1,4%	1.727	1,6%	2.857	2,5%	1.601	4,90%	53
Alls	11.182	1,2%	12.341	1,3%	15.893	1,7%	19.586	2,20%	3.321


Þróun lausafjárstöðu

Á línuritinu hér að neðan eru tvær línur. Bláa línan sýnir hámark lausafjárstöðu á hverjum ársfjórðungi, sú rauða sýnir lágmark hennar. Lausafjárstaða er heildarlausafjárstaða ráðherranefndarinnar þegar lausafé í erlendum gjaldmiðli hefur verið umreiknað í danskar krónur.

Þegar nýtt fjárhagskerfi var tekið í notkun urðu tæknilegar truflanir á framkvæmd greiðslna hluta ársins 2019 og 2020. Fyrir vikið var lausafjárstaðan hærri en hún hefði verið undir eðlilegum kringumstæðum. Því hefur línuritið ekki verið uppfært enda hefði það verið villandi. Í lok nóvember 2020 nam lausafé Norrænu ráðherranefndarinnar um 260 millj. DKK.

Árið 2008 fóru greiðslur landanna að berast fjórum sinnum á ári í stað tvisvar og hafði það áhrif á hreyfingar lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar. Um mitt ár 2014 fóru löndin að inna greiðslur af hendi átta sinnum á ári, fjórar greiðslur í dönskum krónum og fjórar í eigin gjaldmiðli.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu í nóvember 2010 að færa greiðslur landanna til um tvo mánuði. Áhrifin urðu þau að heildarlausafjárstaða ráðherranefndarinnar lækkaði verulega strax á árinu 2011 og á ákveðnum tímum árs er hún nálægt núlli. Því ákváð norræna samstarfsnefndin (NSK) í desember 2018 til bráðabirgða að breyta inngreiðslukerfinu árið 2019 á þann hátt að löndin greiddu 40% af framlögum sínum í dönskum krónum á fyrsta ársfjórðungi en 20% á seinni ársfjórðungi. Þessu fyrirkomulagi var haldið áfram 2020 og 2021. Áhrif fyrirkomulagsins verða metin árið 2021 með það fyrir augum að finna varanlega lausn á lausafjávandanum.



Yfirlit yfir fjárlagaliði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-SAM: Norðurlönd verði græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær		128.930	108.906
	<i>40 millj. DKK-sjóðurinn</i>	<i>40.000</i>	<i>0</i>
1-1060	Sjóður til að efla græn Norðurlönd	16.100	0
1-1061	Sjóður til að efla samkeppnisfær Norðurlönd	12.500	0
1-1062	Sjóður til að efla félagslega sjálfbær Norðurlönd	11.400	0
	<i>Formennskusjóðurinn, Svíþjóð</i>	<i>0</i>	<i>15.255</i>
1-8025	Fjarhjúkrun (fjarlækningar) og rafrænir lyfseðlar yfir landamæri	0	4.068
1-8026	Stuðlað að norrænum sjálfbærnilausnum	0	4.068
1-8027	Sjálfbærir norrænir bæir með áherslu á loftslagsvænan hreyfileika	0	4.068
1-8028	Félagsleg inngilding og þátttaka ungs fólks á viðkvæmum svæðum	0	3.051
	<i>Formennskusjóðurinn, Noregur</i>	<i>0</i>	<i>0</i>
1-8019	Græn umskipti og samkeppnisfærni norrænna þéttbýlissvæða	0	0
1-8020	Blátt og grænt lífhagkerfi	0	0
1-8021	Heilsa	0	0
1-8022	Aðlögun	0	0
1-8023	Eft samstarf utanríkismálastofnana	0	0
1-8024	Norrænt orkumálasamstarf	0	0
	<i>Formennskusjóðurinn, Ísland</i>	<i>15.000</i>	<i>15.255</i>
1-8031	Hafið – blár hagvöxtur í norðri	5.000	5.085
1-8032	Sjálfbær ferðamennska í norðri	5.000	5.085
1-8033	Ungt fólk á Norðurlöndum	5.000	5.085
	<i>Formennskusjóðurinn, Finnland</i>	<i>5.000</i>	<i>0</i>

1-8037	Samstarfslíkön sem virka og áskoranir sem hafa áhrif á samþættingu innan Norðurlanda	1.000	0
1-8038	Stafræn umskipti skapa einfaldasta hversdagslíf í heimi og hreyfanleika milli landa	2.000	0
1-8039	Norrænt samstarfsnet um hringrásarbyggingar	2.000	0
	<i>Formennskusjóðurinn, Danmörk</i>	<i>15.000</i>	<i>15.255</i>
1-8034	Norræn ungmenni í sjálfbæru félagsstarfi	5.000	5.085
1-8035	Sjálfbær þróun strandsamfélaga á Norðurlöndum	5.000	5.085
1-8036	Framtíðarsýn verður að veruleika – framtíðarorkulausnir á afskekktum svæðum	5.000	5.085
	<i>Norðurlönd verði græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær</i>	<i>51.921</i>	<i>63.141</i>
1-8410	Pólitísk forgangsörðun	0	1.962
1-8411	Pólitísk frumkvæði	7.500	8.266
1-8412	Til ráðstöfunar MR-SAM	5.001	2.117
1-8420	Kynning og mörkun stöðu	7.000	10.489
1-8510	Ný þverlæg frumkvæði	0	203
1-8520	Norrænar lausnir á hnattrænum samfélagsáskorunum	0	5.994
1-0410	Samband Norrænu félaganna	4.271	4.283
1-0425	Framlag til Grænlands	778	778
1-0460	Sjálfbær þróun (áður Sjálfbær Norðurlönd)	4.500	3.251
1-1012	Norðurlönd í brennidepli	5.033	4.949
1-1030	Info Norden	6.964	6.848
1-1036	Stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum	5.255	5.255
1-1050	Embættismannaskipti	509	1.240
1-2534	Framlög til Norræna sumarháskólans (NSU)	0	1.017
1-2212	Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK)	7.119	6.489

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-SAM: Skrifstofuhald		88.886	89.240
	<i>Skrifstofuhald</i>	<i>88.886</i>	<i>89.240</i>
1-0435	Varasjóður framkvæmdastjóra	445	443
1-1011	Upplýsinga- og samskiptastarf (áður upplýsingastarf)	3.072	3.072
1-1013	Hagtölur	3.689	3.689
1-0180	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	81.680	82.036

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-SAM: Alþjóðasamstarf		56.176	59.968
1-0820	Grannsvæðasamstarf Norðurlanda	26.500	30.567
1-0980	Samvinnuverkefni og samstarf á landamærasvæðum	0	594
1-0810	Skrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litáen og Norðvestur-Rússlandi	14.876	15.624
1-0850	Alþjóðastarf	0	1.885
1-0851	Styrkur til samstarfs norrænna sendiskrifstofa	4.000	0
1-0870	Samstarfsáætlun um málefni norðurslóða	9.300	9.369
1-0990	Samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri	1.500	1.929

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-U		207.550	224.723
	<i>Almenn framlög til menntamála og rannsókna</i>	<i>1.000</i>	<i>4.498</i>
2-2505	Ráðstöfunarfé Menntamál og rannsóknir	1.000	4.498
	<i>Stefnumótun o.fl.</i>	<i>17.034</i>	<i>15.723</i>
2-2544	Norrænt tungumálasamstarf	5.431	7.397
2-3127	Stefnumörkun um nám fullorðinna	7.953	8.326
2-2506	Stefnumarkandi norrænt samstarf um menntamál	3.650	0
	<i>Ferðastyrkja- og samstarfsnetaáætlanir</i>	<i>78.299</i>	<i>86.356</i>
2-2513	Nordplus	77.892	80.650
2-2515	Norræn meistaranámsáætlun	407	5.706
	<i>Stofnun</i>	<i>109.421</i>	<i>97.459</i>
2-3100	Norræna rannsóknaráðið (NordForsk)	109.421	97.459
	<i>Annað rannsóknarsamstarf</i>	<i>1.796</i>	<i>20.687</i>
2-3180	Norræna kjarneðlisfræðistofnunin (NORDITA)	0	8.397
2-3181	Norræna sjóréttarstofnunin (NifS)	0	2.504
2-3182	Norræna stofnunin um Asiurannsóknir (NIAS)	0	3.966
2-3184	Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)	0	4.054
2-3185	Norræna Samastofnunin (NSI)	1.796	1.766

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-S		41.124	42.331
	<i>Verkefnafé</i>	<i>22.859</i>	<i>23.545</i>
3-4310	Verkefnafé – Félags- og heilbrigðismál	4.334	4.844
3-4311	Norrænt samstarf í heilbrigðismálum	3.447	3.447
3-4312	Norrænt samstarf í félagsmálum	3.462	3.462
3-4320	Norrænt samstarfsráð um málefni fólks með fötlun	1.193	1.219
3-4340	Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (Nomesko) og Norræna hagsýslunefndin (Nososko)	2.089	2.054
3-4382	NIOM AS – Norræna tannlækningastofnunin	8.334	8.519
	<i>Stofnanir</i>	<i>18.265</i>	<i>18.786</i>
3-4380	Norræna velferðarmiðstöðin	18.265	18.786

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-K		163.433	173.766
	<i>Almenn framlög til menningarmála</i>	48.355	53.516
4-2203	Ráðstöfunarfé – Menningarmál	350	727
4-2205	Norræni menningarsjóðurinn	36.023	36.916
4-2206	Verðlaun Norðurlandaráðs	3.809	4.446
4-2208	Stefnumarkandi aðgerðir	8.173	11.427
	<i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i>	31.840	31.464
4-2222	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	28.834	28.352
4-2228	NORDICOM	3.006	3.112
	<i>Listir</i>	31.585	32.691
4-2251	Menningar- og listaáætlunin	16.560	17.140
4-2253	Norrænir þýðingarstyrkir	3.332	3.448
4-2254	Norræn-baltnesk ferðastyrkjaáætlun á menningarsviði	11.693	12.103
	<i>Norrænu menningarhúsin (stofnanir)</i>	44.865	47.754
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík	10.792	11.946
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum	13.715	14.265
4-2274	Norræna stofnunin á Ålandseyjum	2.985	3.104
4-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi	6.073	6.685
4-2548	Norræna menningargáttin	11.300	11.754
	<i>Önnur framlög til menningarmála</i>	6.788	8.341
4-2232	Önnur menningarstarfsemi	2.884	4.300
4-2234	Menningarsamstarf Sama	3.904	4.041

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-FJLS		45.199	43.926
5-6420	Ráðstöfunarfé EK- FJLS (framkvæmdanefnd)	1.870	955
	<i>Fiskveiðar</i>	<i>6.660</i>	<i>6.660</i>
5-6610	Verkefnafé – Fiskveiðar	6.660	6.660
	<i>Landbúnaður og skógrækt</i>	<i>30.399</i>	<i>30.041</i>
5-6510	Verkefnafé – Landbúnaður	403	403
5-6520	Norræna nefndin um landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	957	941
5-6310	Verkefnafé – Skógrækt	326	326
5-6581	Norrænar skógræktarrannsóknir (SNS)	6.085	5.983
	<i>Stofnanir – Landbúnaður</i>	<i>22.628</i>	<i>22.388</i>
5-6585	Norræna erfðaaðalindastofnunin (NordGen)	22.628	22.388
	<i>Matvæli</i>	<i>6.270</i>	<i>6.270</i>
5-6810	Verkefnafé – Matvæli	5.677	5.677
5-6830	Norræn framkvæmdaáætlun um betri heilsu og lífsgæði	593	593
Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-JÄM		11.414	11.671
	<i>Verkefnafé</i>	<i>11.414</i>	<i>11.671</i>
6-4410	Stefnumarkandi átaksverkefni jafnrétti	3.757	3.856
6-4411	Stefnumarkandi átaksverkefni LGBTI	743	2.034
6-4420	Norrænn LGBTI- og jafnréttissjóður	4.213	3.054
6-4480	Norræna upplýsingaveitan um kynjafræði (NIKK)	2.701	2.727

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-VÆKST		133.146	131.921
	<i>Atvinnulíf</i>	<i>84.729</i>	<i>86.241</i>
7-5140	Verkefnafé – Atvinnulíf	4.913	5.085
7-5280	Norræni verkefnaúttflutningssjóðurinn (Nopef)	8.136	15.706
	<i>Stofnanir - Atvinnulíf</i>	<i>71.680</i>	<i>65.450</i>
7-5180	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NI)	71.680	65.450
	<i>Orkumál</i>	<i>15.551</i>	<i>12.832</i>
7-5141	Verkefnafé – Orkumál	6.885	3.717
	<i>Stofnun – Orkumál</i>	<i>8.666</i>	<i>9.115</i>
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	8.666	9.115
	<i>Byggðastefna</i>	<i>32.866</i>	<i>32.848</i>
7-5143	Innleiðing samskiptaáætlunar	7.169	7.246
7-5151	Norræna Atlantssamstarfið (NORA)	6.926	6.883
7-5160	Samstarf á landamærasvæðum	8.478	8.426
	<i>Stofnanir – Byggðastefna</i>	<i>10.293</i>	<i>10.293</i>
7-6180	Norræn rannsóknastofnun í byggða- og skipulagsmálum (Nordregio)	10.293	10.293

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-MK		60.023	47.555
8-3310	Ráðstöfunarfé – Umhverfismál	18.570	5.085
8-3311	Vinnuhópar á umhverfissviði	25.854	26.294
8-3312	Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs	852	866
8-3320	Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	10.170	10.170
8-6720	SVANURINN – Norræna umhverfismerkið	4.577	5.140

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-A		14.431	15.223
	<i>Verkefnafé</i>	<i>10.770</i>	<i>11.606</i>
9-4110	Stefnumarkandi átaksverkefni Vinnumál	1.465	1.726
9-4111	Verkefnafé nefnd Vinnumál	4.212	4.774
9-4120	Nordjobb	3.438	3.381
9-4130	Upplýsinga- og samskiptastarf Vinnumál	1.655	1.725
	<i>Stofnanir</i>	<i>3.661</i>	<i>3.617</i>
9-4180	Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)	3.661	3.617

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-FINANS		1.592	1.634
10-5210	Verkefnafé – Efnahags- og fjármál	1.592	1.634

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-JUST		1.193	1.225
11-7110	Verkefnafé – Dómsmál	1.193	1.225

Þús. DKK		Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2020
MR-DIGITAL		15.926	15.458
15-8530	Stafræn væðing	15.926	15.458

Fylgiskjal

Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í viðkomandi gjaldmiðli

FJÁRVEITINGAR NORRÆNNA STOFNANA		2021	2020	
MR-U				
2-3100	Norræna rannsóknaráððið (NordForsk)	154.114.000	126.570.000	NOK
MR-S				
3-4380	Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	25.726.000	26.459.000	SEK
MR-K				
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)	215.841.000	221.222.000	ISK
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)	13.715.000	14.265.000	DKK
4-2274	Norræna stofnunin á Ålandseyjum (NIPÅ)	400.100	416.000	EUR
4-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.073.000	6.685.000	DKK
4-2548	Norræna menningargáttin (NKK)	1.514.700	1.576.000	EUR
MR-FJLS				
5-6585	Norræna erfðauðlindastofnunin (NordGen)	31.870.000	31.532.000	SEK
MR-VÆKST				
7-5180	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NI)	100.958.000	85.000.000	NOK
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	12.205.000	11.838.000	NOK
7-6180	Norræn rannsóknastofnun í byggða- og skipulagsmálum (Nordregio)	14.497.000	14.497.000	SEK
MR-A				
9-4180	Stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)	490.700	485.000	EUR

Fylgiskjal 2: Gengi gjaldmiðla og verðbólguviðmið 2021

Gengi:

100 EUR	= 746 DKK
100 ISK	= 5,0 DKK
100 NOK	= 71 DKK
100 SEK	= 71 DKK

Verðbólguviðmið:

Danmörk	1,2%
Finnland	1,2%
Ísland	2,7%
Noregur	3,1%
Svíþjóð	1,07%

Reikningsstuðull verkefna er 1,7%.

Um þessa útgáfu

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2021 – samantekt

PolitikNord: 2021:716

ISBN 978-92-893-6947-3 (PDF)

ISBN 978-92-893-6948-0 (ONLINE)

<http://doi.org/10.6027/politknord2021-716>

© Norræna ráðherranefndin 2021

Umbrot: Mette Agger Tang

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflað í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Hlaða niður og panta norræn rit: www.norden.org/nordpub.